

Nr. 3/1993.

Fimmtudaginn 15. apríl 1993.

**Vinnuveitendasamband Íslands,
f.h. Sambands málm- og skipasmiðja
vegna Stálsmiðjunnar hf.**

(Hrafnhildur Stefánsdóttir hdl.)

gegn

**Alþýðusambandi Íslands
f.h. Verkamannasambands Íslands
vegna Verkamannafélagsins Dagsbrúnar**

(Atli Gíslason hrl.)

Dómsvald Félagsdóms. Frávísunarkröfu hafnað. Sératkvæði.

Úrskurður Félagsdóms.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 30. mars s.l. vegna frávísunarkröfu stefnda, höfðaði Vinnuveitendasamband Íslands, Garðastræti 41, Reykjavík, með stefnu, þingfestri 5. febrúar s.l., f.h. Sambands málm- og skipasmiðja, Hallveigarstíg 1, Reykjavík vegna Stálsmiðjunnar hf., Mýrargötu 2, Reykjavík, fyrir Félagsdómi gegn Alþýðusambandi Íslands, Grensásvegi 16 í Reykjavík, f.h. Verkamannasambands Íslands, Lindargötu 9, Reykjavík vegna Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, Lindargötu 9 í Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru:

1. Að aðgerðir formanns og félagsmanna stefnda Verkamannafélagsins Dagsbrúnar á athafnasvæði stefnanda laugardaginn 30. janúar sl. þegar hindruð var sjósetning fiskiskipsins Júlíusar ÁR-111 verði dæmd ólögmæt vinnustöðvun af hálfu stefnda og brot á friðarskyldu samkvæmt kjarasamningi aðila frá 26. apríl 1992.
2. Að stefndi Verkamannafélagið Dagsbrún verði dæmdur til að greiða stefnda (sic.) kr. 113.396 í skaðabætur vegna hinnar ólögmætu vinnustöðvunar.
3. Að stefndi Verkamannafélagið Dagsbrún verði dæmdur til greiðslu sektar.
4. Að stefnda verði dæmt (sic.) að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru:

1. Að málinu verði vísað frá dómi, en til vara að kröfum samkvæmt kröfuliðum 2 og 3 í stefnu verði vísað frá dómi.

2. Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu að mati dómsins að meðtöldum virðisaukaskatti.

Frávísunarkrafa stefnda er hér til úrlausnar.

Málavextir.

Í stefnu er málavöxtum lýst á þá leið, að á hádegisflóði laugardaginn 30. janúar sl. hafi átt að sjósetja fiskiskipið Júlíus ÁR-111, sem gert sé út frá Þorlákshöfn og hafi verið til viðgerðar í slipp Stálsmiðjunnar við Reykjavíkurböfn. Á föstudeginum hafi verið óskað eftir því við verkamenn stefnanda, sem séu félagar í Verkamannafélaginu Dagsbrún, að 2-3 af 14 manna hópi verkamanna kæmu ásamt verkstjórum sínum til vinnu við sjósetningu skipsins á laugardegnum. Verkamennirnir hafi allir sem einn neitað því að koma til vinnu og hafi þá staðið til að verkstjórar stefnanda ynnu verkið, en þeir hafi unnið við slippstöku og sjósetningu skipa ásamt verkamönnum. Á milli kl. 11 og 12 á laugardagsmorgninum, þegar verið var að undirbúa verkið hafi verkamennirnir, sem neitað höfðu að koma til vinnu, verið komnir á vinnusvæðið, ásamt formanni stefnda Verkamannafélgsins Dagsbrúnar og fréttamönnum Ríkissjónvarpsins. Þegar skipverjar voru komnir um borð og hefja átti vinnu við að sjósetja skipið hafi verkamenn raðað sér fyrir þann stað í dráttarbrautinni sem komast þurfti að til að framkvæma verkið. Fremstur í flokki hafi verið Guðmundur J. Guðmundsson formaður stefnda og hafi hann skorað á stjórnendur stefnanda að hætta við verkið. Verkamenn væru í yfirvinnubanni og verkstjórar hefðu enga heimild til þess að vinna við sjósetninguna, því að það væri í verkahring Dagsbrúnarmanna. Hafi verkstjórum verið hótad því að ef þeir létu til skara skríða þá yrði séð til þess að þeir yrðu reknir úr verkstjórastjórnunum.

Formanni Dagsbrúnar hafi verið bent á það, bæði af framkvæmdastjóra stefnanda og lögmanni VSÍ, að stefndi gæti orðið skaðabótaskyldur ef hindruð væri sjósetning skipsins. Þá hafi formaður stefnda manað framkvæmdastjóra stefnanda og lögmann VSÍ til þess fara í skaðabótamál við Dagsbrún, en það yrði hvergi kvikað frá því að koma í veg fyrir að skipið yrði sjósett. Sjónvarpsmenn hafi fylgst vel með og myndað.

Formaður stefnda hafi lýst því yfir að sjósetning yrði ekki hindruð ef stefnandi greiddi verkamönnunum áfram fasta yfirvinnu, sem

sagt hefði verið upp með þriggja mánaða fyrirvara og féll niður frá 1. janúar sl. að telja. Deilu um yfirvinnugreiðslur hafi stefndi marg-oft gefið yfirlýsingar um að yrði stefnt fyrir Félagsdóm og spurt hafi verið hvort það væri ekki eðlilegt að láta af þessum ólögmætu aðgerðum og biða niðurstöðu þess máls. Því hafi verið hafnað og endurtekin hafi verið í sjónvarpsviðtali áskorun formanns stefnda um að reyna bara að sækja stefnda til greiðslu skaðabóta.

Bent hafi verið á að stefndi hafi ekki boðað yfirvinnubann og gæti það reyndar ekki á þessum tíma, þar sem kjarasamningar hafi ekki verið lausir fyrr en 1. febrúar og að verkamenn stefnanda ásamt formanni stefnda væru með ólögmætum hætti að koma í veg fyrir að fiskiskipið Júlíus ÁR-111 yrði sjósett á hádegisflóðinu.

Í þessu stappi hafi staðið, þar til farið var að fjara út og of seint orðið að sjósetja skipið sem aðeins sé hægt að gera á flóði. Framkvæmdastjóri stefnanda hafi ákveðið að láta hætta við tilraunir við að koma skipinu á flot þar sem fyrir hafi legið að beitt yrði hnefarétti ef annað gæfi ekki betur og hafi félagsmenn stefnda verið í miklum meirihluta á svæðinu. Framkvæmdastjóri stefnanda hafi ekki viljað verða valdur að því að menn yrðu fyrir meiðslum og ákveðið að taka áskorun formanns stefnda og fá dómstóla til að útljá það, hvort foryrstumönnum verkalýðsfélags væri heimilt að beita nær öllum ráðum til þess að stöðva atvinnurekstur þegar þeim sýndist svo.

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Í máli þessu, sem stefnandi tjáir höfðað á grundvelli 1. og 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938, sbr. 8. gr. sömu laga, byggir stefnandi kröfugerð sína á því að aðgerðir formanns og félagsmanna stefnda Verkamannafélagsins Dagsbrúnar á athafnasvæði stefnanda laugar- daginn 30. janúar sl. séu brot á kjarasamningi aðila og II. kafla laga nr. 80/1938 og séu því ólögmætar.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 80/1938 sé stéttarfélögum heimilt að efna til vinnustöðvunar í þeim tilgangi að vinna að framgangi krafna sinna í vinnudeilum með þeim skilyrðum og takmörkunum sem sett séu í lögunum.

Stefndi hafi brotið gegn friðarskyldu, sem hann sé bundinn af á gildistíma kjarasamnings. Stefnda sé ávallt óheimilt að hefja vinnustöðvun meðan kjarasamningur sé í gildi. Ágreining um túlkun kjarasamnings eigi að bera undir dómstóla, sbr. 2. tl. 1. mgr. 44. gr.,

sbr. 1. tl. 1. mgr. 17. gr. laga nr. 80/1938. Stefndi hafi sagt upp kjarasamningum sínum og hafi þeir fyrst orðið lausir frá og með 1. febrúar sl. að telja. Formaður stefnda Verkamannafélagsins Dagsbrúnar hafi lýst því yfir að af hálfu félagsins ríkti yfirvinnubann hjá stefnanda. Hafi hann neitað því, að einungis væri um persónubundin mótmæli starfsmanna í því formi að þeir neituðu að vinna yfirvinnu, heldur hefði stefndi sett yfirvinnubann á stefnanda. Yfirvinnubann hafi hvorki verið tilkynnt áður né möguleiki á að gera það virkt á gildistíma kjarasamnings. Hafi stefndi því brotið gegn II. kafla laga nr. 80/1938 með þessu athæfi sínu.

Samkvæmt fortakslausu ákvæði 16. gr. laga nr. 80/1938 sé lögmæti vinnustöðvunar auk þess háð því skilyrði að gætt sé af hálfu boðanda vinnustöðvunar þeirrar tilkynningarskyldu, sem þar er boðin, þ.m.t. að tilkynna ríkissáttasemjara um fyrirhugaða vinnustöðvun með 7 sólarhringa fyrirvara. Þar sem þessa hafi ekki verið gætt sé vinnustöðvunin einnig af þeirri ástæðu ólögmæt.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Í greinargerð stefnda er varðandi málavexti m.a. tekið fram að verkamenn, sem eru starfsmenn í brautum hjá Stálsmiðjunni og Verkamannafélagið Dagsbrún hafi talið uppsögn Stálsmiðjunnar á fastri yfirvinnu ólögmæta og mótmælt henni. Þegar uppsögnin kom til framkvæmda um síðastliðin áramót hafi verkamenn, sem hlut áttu að máli, ákveðið að þeir myndu ekki vinna yfirvinnu. Þessi ákvörðun verkamannanna hafi verið tilkynnt þremur verkstjórum þeirra á fyrsta starfsdegi ársins. Stálsmiðjan hafi engum andmælum hreyft. Á þessa ákvörðun hafi fyrst reynt 15. janúar sl. þegar taka átti m/s Búðafell í slipp. Verkamennirnir hafi neitað að vinna verkið í yfirvinnu. Athugasemdum hafi ekki verið hreyft og hafi skipið verið tekið upp í slipp 18. janúar. Stefndi segir það óumdeilt að verkamannafélagið Dagsbrún hafi enga aðild átt að ákvörðun verkamannanna, tilkynningum og öðrum aðgerðum.

Föstudaginn 29. janúar hafi verkstjóri tilkynnt að það vantaði þrjá menn til þess að taka búkka og planka frá m/s Júlíusi ÁR-111 og sjósetja skipið á laugardeginum. Verk sem þetta sé unnið af þremur verkamönnum undir stjórn eins verkstjóra. Verkstjórinn hafi verið minntur á fyrri ákvörðun um yfirvinnu og jafnframt hafi því verið mótmælt að aðrir gengju í störf verkamanna við sjósetninguna. Síðar um daginn hafi verið haft samband við Skúla Jónsson,

forstjóra Stálsmiðjunnar og honum tilkynnt hvernig verkamennirnir litu á málið og að þeir myndu ekki setta sig við að aðrir gengju inn í störf sem þeir hefðu samningsbundinn forgang til og að gildandi kjarasamningur skuldbindi menn ekki til helgarvinnu. Forstjórinn hafi tjáð verkamönnum að skipið yrði sjósett engu að síður með öðrum mannskap.

Eftir þessi samskipti hafi forstjórinn kallað til starfa á laugardeginum fjölmarga menn bæði starfsmenn Stálsmiðjunnar og aðra. Liðsafnaður forstjórans, einir tuttugu menn, hafi mætt á laugardeginum og ellefu verkamenn ásamt formanni Dagsbrúnar, sem hafi reynt að miðla málum og koma í veg fyrir brot á kjarasamningi. Þá hafi vél-virkjar þegar gengið í störf verkamannanna og tekið planka og búkka frá skipinu. Eftir nokkurt þóf og viðræður hafi forstjórinn ákveðið að hætta við áform um sjósetningu. Skipið hafi síðan verið sjósett með eðlilegum og venjubundnum hætti mánudaginn 1. febrúar.

Af hálfu stefnda er því mótmælt að stefndi hafi sett yfirvinnubann á Stálsmiðjuna. Jafnframt er því mótmælt að legið hafi við að beitt yrði hnefarétti og að félagsmenn Dagsbrúnar hafi verið í miklum meirihluta á svæðinu. Verkamennirnir hafi mætt á svæðið til viðræðna um umsamda fasta yfirvinnu eins og oft hafi gerst áður. Ósannað sé að áhöfn skipsins hafi komið frá Þorlákshöfn umræddan dag í þeim tilgangi að sjósetja skipið.

Krafa um frávísun málsins er rökstudd með því að synjun verkamannanna á að vinna yfirvinnu og aðrar aðgerðir þeirra séu ekki verkfallsaðgerðir í skilningi II. kafla laga nr. 80/1938. Ágreiningur aðila falli ekki undir verkefni Félagsdóms eins og þeim er lýst í 44. gr. sömu laga. Er meðal annars vísað til fordæmis sem felst í dómi Félagsdóms árið 1950 á bls. 103 í dómasafni. Hér komi einnig til, að Verkamannafélagið Dagsbrún eigi ekki aðild að málinu.

Krafa um frávísun er einnig studd þeim rökum, að bæði skaðabóta- og sektarkrafa stefnanda sé vanreifuð. Þá sé skaðabótakrafan ekki sótt af eigendum hennar í sameiningu, sbr. 18. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938. Krafa um sekt sé einvörðungu rökstudd með vísun til 70. sbr. 65. gr. laga nr. 80/1938 án tilgreiningar á málsástæðum eða frekari útlistunar. Málartilbúnaður stefnanda er að mati stefnda andstæður ákvæðum 50. gr. laga nr. 80/1938 og 80. gr. laga nr. 91/1991.

Niðurstaða.

Meginkrafa stefnanda í máli þessu er, að hindrun á sjósetningu fiskiskipsins Júlíusar ÁR 111 verði dæmd ólögmæt vinnustöðvun af hálfu Verkamannafélagsins Dagsbrúnar. Þessi krafa stefnanda er forsenda fyrir kröfum hans um sektir, skaðabætur og viðurkenningu á friðarskyldubroti. Á hinn bóginn gerir Stálsmiðjan hf. ekki kröfu um það að sú ákvörðun verkamanna, að neita allri yfirvinnu verði dæmd ólögmæt.

Með bréfum dags. 30. september 1992 sagði Stálsmiðjan hf. upp fastri yfirvinnu verkamanna sem vinna í brautum. Uppsagnirnar voru gerðar með þriggja mánaða fyrirvara og áttu því að ganga í gildi 1. janúar 1993. Þessum uppsögnum mótmælti Verkamannafélagið Dagsbrún með bréfi dags. 4. nóvember 1992. Taldi félagið uppsagnirnar vera brot á gildandi kjarasamningi og því óheimilar. Stálsmiðjan hf. svaraði með bréfi dags. 13. nóvember 1992 og hélt því fram að hér væri um lögmætar uppsagnir á persónubundnum ráðningarkjörum að ræða. Að þessi svari fengnu var sú framvinda eðlilegust, að Dagsbrún bæri ágreiningsefnið sem fyrst undir Félagsdóm, en málshöfðun dróst á langinn. Var stefna til Félagsdóms gefin út 3. febrúar 1993. Niðurstaða málsins varð á þann veg að uppsagnirnar voru dæmdar ógildar með dómi Félagsdóms uppkveðnum 25. mars 1993.

Í ársbyrjun 1993 felldi Stálsmiðjan hf. niður hinar föstu yfirvinnugreiðslur í samræmi við uppsagnarbréfin. Verkamenn tilkynntu fyrirtækinu að þeir myndu ekki inna af hendi neina yfirvinnu fyrr en hlutur þeirra hefði verið réttur. Ekkert er fram komið um það að Verkamannafélagið Dagsbrún hafi átt þátt í þessari ákvörðun. Stálsmiðjan hf. virðist hafa látið þessa ákvörðun afskiptalaus. Á þetta reyndi föstudaginn 15. janúar 1993 þegar taka átti m.s. Búðafell í slipp. Verkamenn neituðu að vinna verkið í yfirvinnu og það látið kyrrt ligga.

Laugardaginn 30. janúar dró til tíðinda í slippnum. Mönnum ber ekki saman um atburðarásina, en forráðamenn Stálsmiðjunnar hf. óttuðust að eigin sögn valdbeitingu, ef reynt yrði að setja skipið á flot. Var sjósetningu frestað til mánudags.

Miðað við málsatvik öll verður að líta á framgöngu verkamanna og formanns félags þeirra, laugardaginn 30. janúar sl., þegar þeir hindruðu utanfélagsmenn í því að taka upp störf Dagsbrúnar-

manna, sem sérstaka vettvangsaðgerð, er falli ekki undir ákvæði laga um stéttarfélög og vinnudeilur. Úrlausnarefnið er því utan valdsviðs Félagsdóms. Með þessu er ekkert um það sagt, hvort framangreind aðgerð kunni að fela í sér brot gegn öðrum lögum og bótaskyldu af hálfu stefnda af þeim sökum.

Samkvæmt framansögðu er frávísunarkrafa stefnda tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Úrskurð þennan kveða upp Auður Þorbergsdóttir, Ingibjörg Benediktsdóttir og Jón Þorsteinsson.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Björns Helgasonar og Gunnars Guðmundssonar.

Samkvæmt 1. tl. 44. greinar laga nr. 80/1938 ber Félagsdómi m.a. að dæma í málum sem rísa út af brotum á lögnum og tjóni sem orðið hefur vegna ólögmætra vinnustöðvana. Samkvæmt 2. tl. (svo) nefndra laga er það verkefni Félagsdóms að skera úr um ágreining um skilning á ákvæðum kjarasamninga og brotum á þeim.

Í máli þessu er ágreiningur með aðilum bæði um það hvort til sé að dreifa ólögmætri vinnustöðvun sem sé félagsleg aðgerð í þeim tilgangi að þrýsta á framgang krafna launþega og hvort um sé að ræða brot á friðarskyldu samkvæmt kjarasamningi aðila.

Með vísan til krafna stefnanda og málsatvikalýsingar verður að telja, að ágreiningur sá sem mál þetta fjallar um falli undir þann réttarágreining sem Félagsdómur á úrskurðarvald um samkvæmt framangreindum ákvæðum.

Eins og málið liggur fyrir þykja því að svo vöxnu máli ekki efni til að taka frávísunarkröfu stefnda til greina.

Ákvörðun um málskostnað bíður efnisdóms í málinu.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Frávísunarkrafa stefnda er ekki tekin til greina.

Dómur Hæstaréttar 27. maí 1993.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili hefur með heimild í 1. tl. 67. gr. laga nr. 80/1938 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 20. apríl 1993, sem barst Hæstarétti 28. sama mánaðar. Hann krefst þess, að úrskurður Félagsdóms, upp kveðinn 15. apríl 1993, í máli sóknaraðila gegn varnaraðila verði úr gildi felldur og lagt fyrir Félagsdóm að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Félagsdómi og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sér dæmdur málskostnaður fyrir Félagsdómi og kærumálskostnaður.

Ágreiningur málsaðila lýtur að því, hvort aðgerðir varnaraðila og félagsmanna hans á athafnasvæði sóknaraðila 30. janúar 1993 hafi verið brot á kjarasamningi aðila og hvort þær jafngildi vinnustöðvun. Þá er og deilt um ábyrgð varnaraðila á aðgerðunum. Kröfur sóknaraðila fyrir Félagsdómi eru byggðar á því, að starfsmenn sóknaraðila hafi neitað sameiginlega með þátttöku trúnaðarmanns varnaraðila og stuðningi formanns hans að vinna yfirvinnu umræddan dag. Hafi varnaraðili lýst yfir yfirvinnubanni og því verið fylgt eftir með verkfallsvörsluaðgerðum undir stjórn formanns og trúnaðarmanns varnaraðila. Verkefni Félagsdóms er að dæma um slík ágreiningsefni, sbr. 1. og 2. tl. 44. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, og fellur kröfugerð sóknaraðila samkvæmt efni sínu undir lögsögu dómsins. Ber því að fella hinn kærða frávísunarúrskurð úr gildi og leggja fyrir Félagsdóm að taka málið til efnismeðferðar og dómsálagningar.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Félagsdómi og kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur, og er lagt fyrir Félagsdóm að taka málið til efnismeðferðar og dómsálagningar.

Málskostnaður fyrir Félagsdómi og kærumálskostnaður fellur niður.